

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Höfn



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Bragason	Staðsetning	684509,411 421611,985

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein ábending var gerð um atriði sem betur mætti fara í stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Olíubirgðastöðin á Höfn í Hornafirði er með nýtt starfsleyfi sem gefið var út 31. janúar 2018. Eftirlit stöðvarinnar hófst á fundi með fulltrúum Olíudreifingar ehf. og farið var yfir kröfur sem breyttust með nýju starfsleyfi.

Sest yfir gögn sem borist hafa síðan síðast var komið í eftirlit. Mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar voru yfirfarin og skýrslur vottunaraðila á umhverfisstjórnunarkerfi og innra eftirlits rekstraraðila. Allir olíugeymar hafa verið þykktarmældir á síðustu tíu árum en þykktarmæla þarf svartolíugeymi á Óslandi nr. T0144 áður en hann verður tekinn aftur í notkun. Þrýstiprófa þarf allar lagnir utan mengunarvarnarþróar á næsta ári.

Skráningar í stöðinni eru gerðar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar. Ágætar skráningar eru í stöðinni. Vegna sírennslis úr mengunarvarnarþróum er loki í frárennsli hafður opinn en olíuskynjari tengdur rafloka er á lögninni og lokast fyrir frárennsli ef olía skynjast þar í. Sjálfvirkur olíuskynjari er prófaður reglulega. Skrá skal prófanir á olíuskynjara á mánaðarblöð stöðvarinnar.

Engar bilanir hafa orðið í stöðinni en viðhald er skráð í rekstrarhandbók, s.s. þegar vatni er tappað undan geymum, handslökkvitæki og annar búnaður skoðaður og yfirfarinn. Engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá síðustu eftirlitsheimsókn og ekki hafa borist kvartanir vegna starfseminnar.

Tvær olíuskiljur eru í frárennsli stöðvanna og eru þær skoðaðar, yfirfarnar og þrífarnar reglulega. Mæling á olíuleifum í frárennsli olíuskiljanna kom vel út.

Úrgangsolíu er safnað á flutningsgeymi sem stendur á steinsteyptu plani á milli tæminga. Planið er með niðurfalli í lægsta punkti tengt olíuskilju. Eins standa spilliefni í lekabyttu.

Olíudreifing ehf. hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi og nær vottunin til allra starfstöðva félagsins. Í síðustu skýrslu vegna endurvottunar á olíubirgðastöðinni á Höfn frá október 2017, voru ekki gerðar athugasemdir við mengunarvarnir stöðvarinnar né eftirlitskerfi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Engar athugasemdir né ábendingar voru gerðar við hana.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

ATHUGASEMDIR

Ábending var gerð um að skrá prófanir á á olíuskynjara í frárennsli mengunarvarna í rekstrarhandbók.

ANNAÐ

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið og bæklingur þar um afhentur stöðvarstjóra.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.09.2018

Gottskálk Friðgeirsson